



Sjafnargata 10 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 05. janúar 2023 var lögð fram fyrirspurn Helgu Jóhannsdóttur., dags. 30.11.2022 um hvort leyfi fengist til að byggja nýjar svalir á 1. hæð og endurbyggja svalir á 2. hæð íbúðarhúss á lóð nr. 10 við Sjafnargötu. Fyrirspurn fylgja teikningar Túndra arkitekta slf. dags. 30.11.2022.



Afstöðumynd



Þrívíddarmynd séð frá götu




Þrívíddarmynd séð frá garði

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Samkvæmt landnotkun gildandi aðalskipulags er Sjafnargata nr. 10 í skilgreindri íbúðarbyggð (ÍB12).

Deiliskipulag: Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir lóðina. Lóðin er á svæði innan Hringbrautar sem nýtur hverfisverndar.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Hverfisvernd innan Hringbrautar



Afstöðumynd til nærliggjandi lóða

Umsögn

Ekki er til deiliskipulag sem nær til lóðarinnar. Staðsetning lóðar er hins vegar á svæði innan Hringbrautar sem nýtur sérstakrar hverfisverndar. Hafa ber samráð við Minjastofnun Íslands varðandi fyrirhugaðar breytingar.

Niðurstaða

Jákvætt er tekið í erindið. Grenndarkynna þarf byggingarleyfisumsókn berist hún.

F.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sigríður Maack, arkitekt / verkefnastjóri